



Sveitarstjórn Strandabyggðar
Hafnarbraut 25
510 Hólmavík

Reykjavík 28. febrúar 2025

2501013SA VRB
Málalykill: 01.00

Efni: Vegna erindis til siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Með vísan til 4. mgr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skipar Samband íslenskra sveitarfélaga nefnd sem veitt getur álit um siðareglur og áætluð brot á þeim. Nefndir starfar samkvæmt [málsmeðferðarreglum](#) siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga en nánari upplýsingar um nefndina er að finna á [heimasíðu](#) Sambandsins.

Þann 11. janúar sl. barst erindi til siðanefndar frá Jóni Jónssyni, íbúa í Strandabyggð, þar sem óskað er eftir áleti siðanefndar. Erindi Jóns ásamt innsendum gögnum eru fylgiskjöl með bréfi þessu.

Siðanefnd Sambandsins tók málið fyrir á fundi sínum þann 30. janúar sl. Sbr. 4. mgr. 2. gr. málsmeðferðarreglna siðanefndar nær umboð hennar ekki til þess að rannsaka málsatvik með sjálfstæðum hætti en nefndin getur þó óskað eftir frekari gögnum ef hún telur ástæðu til að skýra málsatvik.

Með vísan til framangreinds er sveitarstjórn Strandabyggðar gefin kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina fyrir 28. mars næstkomandi. Siðanefnd mun einnig gefa Hrafnhildi Skúladóttur tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við nefndina.

Virðingarfyllt

f.h. siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
Yfirlögfræðingur/ritari siðanefndar